

# 1. fundur skólaráðs Foldaskóla skólaárið 2018-2019 haldinn föstudaginn 26. október 2018 kl. 8:10.

Mættir voru: Bára Jóhannsdóttir skólastjóri, Krístrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólastjóri, Eva Rós Vilhjálmsdóttir og Pétur Már Sigurðsson fulltrúar kennara, Sigrún Helga Jónsdóttir fulltrúi starfsmanna, Jóhannes H. Steingrímsson fulltrúi foreldra og Hrafnhildur Árnadóttir og Elín Salka Snorradóttir fulltrúar nemenda.

Fundur settur kl. 8:18 og gengið til dagskrár.

Dagskrá:

## 1. Kynning á fulltrúum skólaráðs og hlutverki ráðsins.

Bára setti fundinn og bauð alla fulltrúa velkomna og fór yfir hverjir sætu í ráðinu í vetur. Hún fór stuttlega yfir hlutverk skólaráðs og afhenti reglugerð um skólaráð <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1157-2008>. Fram kom að enn vantar fulltrúa úr grenndarsamfélaginu.

Eftirfarandi sitja í skólaráði Foldaskóla 2018-2019:

Bára Jóhannsdóttir skólastjóri  
Krístrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólastjóri  
Eva Rós Vilhjálmsdóttir kennari  
Karen Björk Guðjónsdóttir kennari  
Pétur Már Sigurðsson varamaður kennara  
Sigrún Helga Jónsdóttir starfsmaður  
Helga V. Pálsdóttir varamaður starfsmanna  
Hrafnhildur Árnadóttir nemandi  
Elín Salka Snorradóttir nemandi  
Jóhannes H. Steingrímsson foreldri  
Guðlaug Björk Karlsdóttir foreldri  
Hans Liljendal Karlsson varamaður foreldra  
Kristinn T. Þorleifsson varamaður foreldra

## 2. Starfsáætlun skólaráðs og fundartímar.

Bára kynnti fyrirhugaðar dagsetningar funda á skólaárinu og starfsáætlun skólaráðs.

## 3. Áherslur vetrarins; námsmat - leiðsagnarmat, þróunarverkefni, skipulag náms og teymi við skólann.

Bára kynnti nýtt skipurit skólans. Skólastjóri væri ráðinn til eins árs, fyrrverandi deildarstjóri unglíngastígs sinnti stöðu aðstoðarskólastjóra og að tveir deildarstjórar hefðu verið ráðnir í haust, á yngsta- og miðstígg svo og unglíngastígg. Fram kom hjá henni að búið væri að ráða í allar stöður en ætlunin væri að bæta við stuðningsfulltrúa. Sú viðbót myndi mæta vöntun á aðstoð á unglíngastígg auk gæslu og fylgdar í sund.

Þá kynnti Bára þróunarverkefni sem eru í gangi, leiðsagnarnám og heildstætt kynfræðsluverkefni auk þess að nefna teymisvinnu sem fram fer í skólanum; læsisteymi, námsmatsteymi, tækniteymi, umhverfis- og heilsuteymi, lausnarsteymi, vellíðunarsteymi og félagsfærnisteymi.

Rætt var um námmat og samfellu í námi og hvernig hægt væri að tryggja að upplýsingar berist milli ára og koma í veg fyrir gap í námi hjá nemenda. Eins spunnust umræður um lestur og bókakost skóla sem má bæta. Þá óskaði fulltrúi foreldra eftir því að reglur um auglýsingar í grunnskólum yrðu settar inn á nýja heimasíðu skólans þegar hún væri komin upp og benti á að foreldrafélagið gæti mögulega sent út þær auglýsingar sem skólinn mætti ekki.

Bára sagði frá að ekki væri enn búið að fullmanna í Regnbogalandi. Allir nemendur í 1. bekk væru komnir inn, nemendur í 2. bekk kæmst að fjóra daga vikunnar en 3. bekkur hefði enn ekki komist að sökum manneklu. Hrafnhildur benti á hvort það mætti skoða að nemendur í 10. bekk aðstoðuðu í Regnbogalandi og fengju greiðslu fyrir. Hugmynd hennar féll í góðan jarðveg hjá fundaraðilum og ætlar Bárá að koma henni áfram.

#### 4. Skóladagatal ársins

Bára fór yfir skóladagatalið, bent á að á heimasíðu má finna starfsáætlun unglिंगadeildar með fleiri viðburðum.

#### 5. Önnur mál

Frímínútur, umræða að ósk foreldra

Fram kom að árekstrar hafa orðið á battavellinum í haust. Tímar sem voru merktir unglिंगastigi og lítið nýttir hafa valdið erjum milli nemenda sem hafa slegist um völlinn. Búið er að bregðast við því og breyta vallaplani þannig að þegar unglिंगastig á völlinn er skýrt hverjir eru til vara. Þá hefur gæslufólk verið hvatt til að nýta gulu vestin, vera sýnileg og að dreifa sér um svæðin. Eins hafi allir gæslumenn fengið uppfært vallaplan afhent og reglur verið áréttaðar. Aukið hefur verið í gæslu nemenda sem rekast illa í frímínútum.

Bára nefndi að svokallað *Vinaliðaverkefni* muni fara á stað á næstunni en þá stýra eldri nemendur leikjum í frímínútum. Einnig sé, í tengslum við Grænfánaverkefnið, verið að skoða vinatengsl milli 1. og 5. bekkja þar sem hlutverk þeirra eldri væri að styðja við þá yngri. Þá eru hugmyndir um að mála París o.fl. leiki á útivellina og hafa leikjareglur sýnilegar á skólalóðinni. Fulltrúar nemenda sögðu frið ríkja hjá eldri nemendum í frímínútum en áberandi væri hvernig hópurinn skiptist. Sumir væru á göngum, aðrir í matsal og svo væru einhverjir sem færu út úr skóla.

Fulltrúi foreldra óskaði eftir því að fá upplýsingar um frímínútur sendar í tölvupósti s.s. vallaplan og gæsluplan svo hann gæti útskýrt fyrir foreldrum hvernig málum væri háttað.

Að lokum var ræddur póstur frá persónuvernd.

Fundi slitið kl. 9:33

Kristrún Guðjónsdóttir